

AUGLÝSING

um aðild að samþykkt um ríkisfang giftra kvenna.

Hinn 18. október 1977 var framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands að samþykkt um ríkisfang giftra kvenna, sem gerð var í New York hinn 20. febrúar 1957.

Aðild Íslands tekur gildi hinn 16. janúar n. k.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 21. nóvember 1977.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT

um ríkisfang giftra kvenna.

Aðilar að samþykttinni,

viðurkenna að lagadeilur og deilur almennt um ríkisfang upphafast vegna ákvæða um missi eða öflun ríkisfangs kvenna, sem afleiðing hjúskaparstofnunar eða skilnaðar, eða vegna breytingar á ríkisfangi eiginmanns meðan hjúskapur stendur,

viðurkenna að í 15. gr. mannréttindayfirlýsingarinnar hefur allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna lýst svo yfir: „allir menn hafa rétt til ríkisfangs“ og „engan mann má eftir geðþótta svipta ríkisfangi né rétti til þess að skipta um ríkisfang“,

óska eftir samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar til að efla almenna virðingu fyrir og eftirbreytni við mannréttindi og mannfrelsi án tillits til kynferðis,

samþykkja hér með eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar eru sammála um, að hvorki stofnun eða slit hjúskapar milli eins af þegnum þeirra og útlendings, eða breyting

CONVENTION

on the nationality of married women.

The Contracting States,

Recognizing that conflicts in law and in practice with reference to nationality arise as a result of provisions concerning the loss or acquisition of nationality by women as a result of marriage, of its dissolution, or of the change of nationality by the husband during marriage.

Recognizing that, in article 15 of the Universal Declaration of Human Rights, the General Assembly of the United Nations has proclaimed that “everyone has the right to a nationality” and that “no one shall be arbitrarily deprived of his nationality nor denied the right to change his nationality”,

Desiring to co-operate with the United Nations in promoting universal respect for, and observance of, human rights and fundamental freedoms for all without distinction as to sex,

Hereby agree as hereinafter provided:

Article 1

Each Contracting State agrees that neither the celebration nor the dissolution of a marriage between one of its nationals

á ríkisfangi eiginmanns meðan hjúskapur stendur, skuli sjálfkrafa hafa áhrif á ríkisfang eiginkonu.

2. gr.

Aðilar eru sammála um, að hvorki sjálfviljug öflun ríkisfangs annars ríkis né afsal ríkisfangs af hálfu þegns, skuli hindra að eiginkona hans haldi ríkisfanginu áfram.

3. gr.

1. Aðilar eru sammála um, að erlend eiginkona einhvers þegns þeirra, geti samkvæmt ósk sinni öðlast ríkisfang eiginmanns síns með sérstakri undanþiggjandi aðferð; veiting ríkisfangs á þann hátt getur verið háð takmörkunum í þágu öryggishagsmuna ríkisins eða stjórnarstefnu.

2. Aðilar eru sammála um, að samþykkt þessi skuli ekki túlkuð á þann hátt, að hún hafi áhrif á nokkra löggjöf eða réttarvenjur sem veitt geta erlendri konu sem gift er þegni ríkis, að ósk hennar, rétt til ríkisfangs eiginmanns hennar.

4. gr.

1. Samþykkt þessi skal liggja frammi til undirritunar og staðfestingar fyrir öll ríki sem eru aðilar að Sameinuðu þjóðunum og einnig fyrir hvert það ríki sem er eða gerist aðili að einhverri sérstofnun Sameinuðu þjóðanna, eða sem er eða gerist aðili að samþykktum Alþjóðadómstólsins, eða hvert það ríki annað sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur boðið að gerast aðili að samþykktinni.

2. Samþykkt þessi skal háð fullgildingu. Skjöl varðandi fullgildingu skulu afhent aðalritara Sameinuðu þjóðanna.

and an alien, nor the change of nationality by the husband during marriage, shall automatically affect the nationality of the wife.

Article 2

Each Contracting State agrees that neither the voluntary acquisition of the nationality of another State nor the renunciation of its nationality by one of its nationals shall prevent the retention of its nationality by the wife of such national.

Article 3

1. Each Contracting State agrees that the alien wife of one of its nationals may, at her request, acquire the nationality of her husband through specially privileged naturalization procedures; the grant of such nationality may be subject to such limitations as may be imposed in the interests of national security or public policy.

2. Each Contracting State agrees that the present Convention shall not be construed as affecting any legislation or judicial practice by which the alien wife of one of its nationals may, at her request, acquire her husband's nationality as a matter of right.

Article 4

1. The present Convention shall be open for signature and ratification on behalf of any State Member of the United Nations and also on behalf of any other State which is or hereafter becomes a member of any specialized agency of the United Nations, or which is or hereafter becomes a Party to the Statute of the International Court of Justice, or any other State to which an invitation has been addressed by the General Assembly of the United Nations.

2. The present Convention shall be ratified and the instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

5. gr.

1. Aðild að samþykkt þessari skal heimil öllum ríkjum er getið er í 1. mgr. 4. gr.

2. Aðild skal fara fram með þeim hætti, að skjal varðandi aðild er afhent aðalritara Sameinuðu þjóðanna.

6. gr.

1. Samþykkt þessi skal ganga í gildi á nítugasta degi eftir afhendingu sjötta fullgildingar- eða aðildarskjalsins.

2. Fyrir ríki, sem fullgilda samþykktina eða gerast aðilar að henni eftir afhendingu sjötta fullgildingar- eða aðildarskjals, skal samþykktin öðlast gildi á nítugasta degi eftir afhendingu fullgildingar- eða aðildarskjals hlutaðeigandi ríkis.

7. gr.

1. Samþykkt þessi skal ná til allra svæða sem eru án sjálfstjórnar, verndarsvæða, nýlendusvæða eða annarra svæða utan heimalands, sem ríki er ábyrgt fyrir að því er alþjóðasamskipti snertir; aðildarríki skal, með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar, við undirritun, fullgildingu eða aðild, lýsa yfir hvaða svæðis eða svæða utan heimalands samþykktinni er ætlað að ná til, í krafti undirritunar, fullgildingar eða aðildarinnar.

2. Í hverju því tilfelli sem öðru gegnir um svæði utan heimalands en um heimaland að því er ríkisfang snertir, eða í hverju því tilfelli sem þörf er á fyrirfram gefnu samþykki svæðis utan heimalands, samkvæmt stjórnskipunarlögum eða venjum aðildarríkis eða svæðis utan heimalands, svo beita megi samþykktinni á því svæði, skal aðildarríki leitast við að tryggja nauðsynlegt samþykki svæðis utan heimalands innan 12 mánaða frá undirritun sinni og þegar slíkt samþykki er fengið skal aðildarríkið tilkynna aðalritara Sameinuðu þjóðanna um það. Samþykktin skal gilda um svæði það eða þau sem greind eru í slíkri tilkynningu frá þeim degi sem tilkynning berst aðalritara.

Article 5

1. The present Convention shall be open for accession to all States referred to in paragraph 1 of article 4.

2. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the United Nations.

Article 6

1. The present Convention shall come into force on the ninetieth day following the date of deposit of the sixth instrument of ratification or accession.

2. For each State ratifying or acceding to the Convention after the deposit of the sixth instrument of ratification or accession, the Convention shall enter into force on the ninetieth day after deposit by such State of its instrument of ratification or accession.

Article 7

1. The present Convention shall apply to all non-self-governing, trust, colonial and other non-metropolitan territories for the international relations of which any Contracting State is responsible; the Contracting State concerned shall, subject to the provisions of paragraph 2 of the present article, at the time of signature, ratification or accession, declare the non-metropolitan territory or territories to which the Convention shall apply *ipso facto* as a result of such signature, ratification or accession.

2. In any case in which, for the purpose of nationality, a non-metropolitan territory is not treated as one with the metropolitan territory, or in any case in which the previous consent of a non-metropolitan territory is required by the constitutional laws or practices of the Contracting State or of the non-metropolitan territory for the application of the Convention to that territory, that Contracting State shall endeavour to secure the needed consent of the non-metropolitan territory within the period of twelve months from the date of signature of the Convention by that Contracting State, and when such consent has been obtained the Contracting State shall notify the Secre-

3. Að loknu tólf mánaða tímabilinu sem getið er um í 2. mgr. þessarar greinar, skal viðkomandi aðildarríki tilkynna árangur af viðræðum við svæði utan heimalands, sem það er ábyrgt fyrir um stjórn alþjóðasamskipta, sem kann að hafa dregið við sig að gefa samþykki sitt til gildistöku á samþykktinni.

8. gr.

1. Við undirritun, fullgildingu eða aðild getur aðildarríki gert fyrirvara við hvaða grein samþykktarinnar sem er, aðrar en 1. og 2. gr.

2. Geri eitthvert ríki fyrirvara í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, skal samþykktin að öðru leyti gilda milli aðildarríkja og þess ríkis sem fyrirvarann gerir. Aðalritari Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkjum sem eru eða kunna að gerast aðilar að samþykktinni um texta fyrirvarans. Hvert ríki sem er aðili að samþykktinni eða gerist síðar aðili, getur tilkynnt aðalritara, að það sé ekki samþykkt því að telja sig bundið af samþykktinni hvað snertir ríki það sem gert hefur fyrirvarann. Slík tilkynning þarf að hafa borist frá aðildarríki innan níutíu daga frá dagsetningu tilkynningar aðalritara og þegar um er að ræða ríki sem síðar gerist aðili, innan níutíu daga frá því að skjal um fullgildingu eða aðild var afhent. Í því tilfelli að slík tilkynning eigi sér stað, skal samþykktin ekki álitin vera í gildi milli ríkis sem þannig hefur tilkynnt og þess ríkis sem fyrirvarann gerði.

3. Ríki sem gert hefur fyrirvara í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar getur

tary-General of the United Nations. The present Convention shall apply to the territory or territories named in such notification from the date of its receipt by the Secretary-General.

3. After the expiry of the twelve-month period mentioned in paragraph 2 of the present article, the Contracting States concerned shall inform the Secretary-General of the results of the consultations with those non-metropolitan territories for whose international relations they are responsible and whose consent to the application of the present Convention may have been withheld.

Article 8

1. At the time of signature, ratification or accession, any State may make reservations to any article of the present Convention other than article 1 and 2.

2. If any State makes a reservation in accordance with paragraph 1 of the present article, the Convention, with the exception of those provisions to which the reservation relates, shall have effect as between the reserving State and the other Parties. The Secretary-General of the United Nations shall communicate the text of the reservation to all States which are or may become Parties to the Convention. Any State Party to the Convention or which thereafter becomes a Party may notify the Secretary-General that it does not agree to consider itself bound by the Convention with respect to the State making the reservation. This notification must be made, in the case of a State already a Party, within ninety days from the date of the communication by the Secretary-General; and, in the case of a State subsequently becoming a Party, within ninety days from the date when the instrument of ratification or accession is deposited. In the event that such a notification is made, the Convention shall not be deemed to be in effect as between the State making the notification and the State making the reservation.

3. Any State making a reservation in accordance with paragraph 1 of the

hvenær sem er dregið til baka fyrirvarann, að fullu eða að hluta, eftir að hann hefur verið samþykktur, með tilkynningu þar að lútandi til aðalritara Sameinuðu þjóðanna. Slík tilkynning er virk frá og með afhendingardegi hennar.

9. gr.

1. Hvert aðildarríki má segja upp samþykkt þessari með skriflegri tilkynningu til aðalritara Sameinuðu þjóðanna. Uppsögn tekur gildi ári eftir að hún hefur borist aðalritaranum.

2. Samþykkt þessi skal ganga úr gildi þegar uppsögn sú verður gild er lækkar tölu aðildarríkja í færri en sex talsins.

10. gr.

Hverju deilumáli er rísa kann milli einhverra tveggja eða fleiri aðildarríkja varðandi túlkun eða gildissvið þessarar samþykktar og ekki er lokið með samkomulagsumleitunum, skal að kröfu hvers aðila sem er að deilunni, vísað til Alþjóðadómstólsins til úrskurðar, nema aðilar verði ásaðttir um aðra leið til lausnar deilunnar.

11. gr.

Aðalritari Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna og þeim ríkjum sem ekki eru aðilar, en gert er ráð fyrir í 1. mgr. 4. gr. samþykktar þessarar, um eftirfarandi:

- a) Undirritanir og afhendingar fullgildingarskjala í samræmi við 4. gr.
- b) Aðildarskjöl sem móttækin hafa verið í samræmi við 5. gr.
- c) Gildistökudag samþykktarinnar í samræmi við 6. gr.
- d) Fyrirvara og tilkynningar sem mótteknar hafa verið í samræmi við 8. gr.

present article may at any time withdraw the reservation, in whole or in part, after it has been accepted, by a notification to this effect addressed to the Secretary-General of the United Nations. Such notification shall take effect on the date on which it is received.

Article 9

1. Any Contracting State may denounce the present Convention by written notification to the Secretary-General of the United Nations. Denunciation shall take effect one year after the date or receipt of the notification by the Secretary-General.

2. The present Convention shall cease to be in force as from the date when the denunciation which reduces the number of Parties to less than six becomes effective.

Article 10

Any dispute which may arise between any two or more Contracting States concerning the interpretation or application of the present Convention, which is not settled by negotiation, shall, at the request of any one of the Parties to the dispute, be referred to the International Court of Justice for decision, unless the Parties agree to another mode of settlement.

Article 11

The Secretary-General of the United Nations shall notify all States Members of the United Nations and the non-member States contemplated in paragraph 1 of article 4 of the present Convention of the following:

- a) Signatures and instruments of ratification received in accordance with article 4;
- b) Instruments of accession received in accordance with article 5;
- c) The date upon which the present Convention enters into force in accordance with article 6;
- d) Communications and notifications received in accordance with article 8;

- e) Tilkynningar um uppsögn í samræmi við 1. mgr. 9. gr.
- f) Ógildingu í samræmi við 2. mgr. 9. gr.

- e) Notifications of denunciation received in accordance with paragraph 1 of article 9;
- f) Abrogation in accordance with paragraph 2 of article 9.

12. gr.

1. Samþykkt þessi sem er jafngild á kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spænsku skal varðveitt í vörslu Sameinuðu þjóðanna.

2. Aðalritari Sameinuðu þjóðanna skal senda staðfestan texta samþykktarinnar til allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna og til annarra ríkja sem ekki eru aðilar, en gert er ráð fyrir í 1. mgr. 4. gr.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, sem hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan, sem var lagður fram til undirritunar í New York tuttugasta dag febrúarmánaðar 1957.

Article 12

1. The present Convention, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts shall be equally authentic, shall be deposited in the archives of the United Nations.

2. The Secretary-General of the United Nations shall transmit a certified copy of the Convention to all States Members of the United Nations and to the non-member States contemplated in paragraph 1 of article 4.

In faith whereof the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed the present Convention, opened for signature at New York, on the 20th day of February, one thousand nine hundred and fifty-seven.

AUGLÝSING

um aðild að samningi um samþykki og lágmarksaldur til hjúskapar og um skráningu hjónabanda.

Hinn 18. október 1977 var framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands að samningi um samþykki og lágmarksaldur til hjúskapar og um skráningu hjónabanda, sem lagður var fram til undirritunar í New York hinn 10. desember 1962.

Samningurinn gengur í gildi fyrir Ísland hinn 16. janúar n. k., en aðildin er háð þeim fyrirvara að 1. grein, 2. málsgrein, skuli eigi taka til Íslands.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 21. nóvember 1977.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.